

**Nd.**

**163. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notknn bifreiða.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Í stað 3. málgr. 5. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, komi:

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum á-

fengra drykkja við bifreiðaakstur. Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið ölvaður eða brýtur ákvæði 9. gr. 2. málsgr., er slys vill til, skal, auk sekta eftir 13. gr., sviftur ökuskirteini um ákveðinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða æfilangt, ef brot er margítrekað, valdið er verulegu slysi fyrir ölaði eða miklar sakir eru að öðru leyti. Svifting ökuskirteinis skal gerð með dómi í máli því, sem höfðað er út af brotinu, og má ennfremur láta önnur brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, ef margítrekuð eru eða miklar sakir eru að öðru leyti, varða, auk sekta eftir 13. gr., sviftingu ökuskirteinis um ákveðinn tíma eða æfilangt. Ef lögreglustjóri telur nauðsyn til bera, er honum heimilt að svifta bifreiðarstjóra, sem hann telur hafa brotið ákvæði laganna eða áðurnefndra reglugerða, ökuskirteini til bráðabirgða, þar til dómur fellur. Sama er og ef lögreglustjóri álitur, að bifreiðarstjóri hafi mist einhvers þess, er útheimtist til að fá ökuskirteini.

#### 2. gr.

Í stað »12 kílómetrar« í 2. málsgr. 6. gr. laganna komi: 18 kílómetrar, og í stað »35 km.« komi: 40 km.

#### 3. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### 5. gr.

Þá er lög þessi bafa öðlast staðfesting konungs, skal fella texta þeirra og texta laga nr. 15, 18. maí 1920, inn í lög nr. 88, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um notkun bifreiða.

### Greinargerð.

Atvinnumálaráðherra hafði sent samgöngumálanefnd frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða; var frv. það samið af vegamálastjóra. Nokkur ákvæði í frv. því, er nefndinni hafði borist, eru þess eðlis, að nefndin sá sjer ekki fært að flytja frv. óbreytt, og ýms önnur ákvæði eiga fremur þheima í reglugerð heldur en í sjálfum bifreiðalögum. Hinsvegar litur nefndin svo á, að nauðsynlegt sje að fá nokkuð fyllri og strangari ákvæði inn í lögin, sem einkum lúta að afbrotum bifreiðarstjóra, og hefir þess vegna afráðið að flytja frv. þetta.

Hinar einstöku greinar frv. gefa ekki ástæðu til skýringa.